

**Ed.**

**251. Frumvarp til laga**

**[141. mál]**

um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963).

**1. gr.**

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánnum, eins og nánar er kveðið á um í 8. gr. laga þessara.

**2. gr.**

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

**3. gr.**

Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

**4. gr.**

Iðnaðarbanki Íslands h.f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

**5. gr.**

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0.4% gjald, er innheimt af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórn um og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður, við álagningu tekju-skatts og tekjuútsvars.

2. Framlag ríkissjóðs, 2 milljónir króna á ári.
3. Vextir.

#### 6. gr.

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Pegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Pegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinnna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

#### 7. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

#### 8. gr.

Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

#### 9. gr.

Upphæð lána má nema allt að sextíu af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma.

Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

#### 10. gr.

Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.
3. Gegn ríkisábyrgð.

Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru til greindar, svo að lán verði fulltrygt að hennar dómi.

Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veð í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölumöguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga þessara.

Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánnum úr Iðnlánasjóði, að þau séu váttryggð í váttryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

11. gr.

Oheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lán-tökubeðnir eða lántökur úr sjóðnum.

12. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 15 ár.

Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 7 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum árgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

13. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu álit bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra, vexti af lánnum Iðnlánasjóðs.

14. gr.

Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánbeiðandi getur veitt fyrir láni.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta.

Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

15. gr.

Verði eigendaskipi að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

16. gr.

Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

17. gr.

Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

18. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

19. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

20. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 67 frá 17. júlí 1946, um Iðnlánasjóð, og 11. gr. laga nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd, sem iðnaðarmálaráðherra skipaði í marz s. l. til þess að endurskoða lög um iðnlánasjóð, nr. 67 17 júlí 1946. Í nefndina voru skipaðir: Jónas G. Rafnar alþm., formaður, Eggert G. Þorsteinsson alþm., Gunnar J. Friðriksson framkvæmdastjóri og Bragi Hannesson hdl.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum nr. 12 9. janúar 1935. Markmið hans var að bæta úr brýnustu lánsfjárbörf iðnaðarins. Til eflingar sjóðnum skyldi ríkissjóður leggja fram 25 000.00 kr. á ári næstu 10 árin. Yfirstjórn sjóðsins var í höndum atvinnumálaráðherra, en fela skyldi Útvegsbanka Íslands stjórn hans og meðferð. Lán átti að veita samkvæmt tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, m. a. eftir þeim reglum, sem hér greinir: Lán úr sjóðnum skyldu veitt iðnrekendum og smærri iðjurekendum, sem erfitt eiga með lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði. Lán mátti ekki veita til að hefja atvinnurekstur, heldur mátti eingöngu lána þeim, sem sýnt höfðu með atvinnurekstri sínum, að óhætt væri að veita þeim lán. Við afgreiðslu lána skyldi þess gætt, að lánveitingin styddi ekki að óheilbrigðri og óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend samiðnarfyrirtæki. Lánstími mátti vera allt að tólf árum, hámark lánsupphæðar kr. 5000.00, og skyldu vextir ákvarðast í eitt skipti fyrir öll fyrir fram fyrir hvert lán,  $\frac{1}{2}\%$  hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fánlegir voru árið fyrir lántökuárið.

Með lögum nr. 40 27. júní 1941 er gerð breyting á lögum um Iðnlánasjóð frá 1935. Ríkissjóðstillagið er hækkað í kr. 65 000.00 á ári. Sjóðnum er enn fremur heimilað að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, sem nema allt að tvöföldum höfuðstóli hans. Bréfin skulu tryggð með höfuðstóli sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, og eru allar lánsúmsóknir háðar umsögn hennar. Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir einn mann í nefndina og Félag ísl. iðnrekenda annan. Hámark lánsupphæðar er  $\frac{1}{5}$  hluti nettótekna sjóðsins árið áður.

Næsta breyting er gerð með lögum nr. 55 7. maí 1946. Með þeirri breytingu hækkar framlag úr ríkissjóði í kr. 300 000.00 á ári. Útgáfuheimild handhafavaxtabréfa er háð samþykki ráðherra, en gefa má nú út handhafavaxtabréf, er nema allt að þreföldum höfuðstóli sjóðsins á hverjum tíma. Hámark lánsupphæðar má ekki vera herra en sem nemur  $\frac{1}{5}$  hluta þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin. Lánstíminn er lengdur í allt að 15 ár, og skal atvinnumálaráðherra ákveða vaxtafót lánanna.

Þessar tvær breytingar voru síðan felldar inn í hin upphaflegu lög sjóðsins og þau gefin út sem lög nr. 67 17. júlí 1946.

Með lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 29. desember 1951, er bankanum falin starfræksla Iðnlánasjóðs.

Tekjur Iðnlánasjóðs hafa verið framlög ríkissjóðs og vaxtatekjur af lánnum.

Framlög ríkissjóðs hafa verið sem hér segir:

1935—1937 .....	25 þús. kr. á ári.
1938—1939 .....	23 — — — —
1940—1941 .....	25 — — — —
1942—1946 .....	65 — — — —
1947—1954 .....	300 — — — —
1955—1956 .....	450 — — — —
1957—1958 .....	1450 — — — —
1959 .....	1378 — — — —
1960—1962 .....	2000 — — — —

Samtals 14074 þús. kr.

Árið 1961 hlaut Iðnlánasjóður fyrir milligöngu iðnaðarmálaráðherra 15 millj. kr. að láni af svonefndu PL 480 lánsfé, sem hann endurlánaði síðan.

Á tímabilinu 1936—1961 hefur upphæð veittra lána numið kr. 32 640 600.00 eða nánar tiltekið svo sem hér greinir (í þús. kr.):

	Samtals	Meðaltal
1936—1940 .....	136.4	25.3
1941—1945 .....	258.4	51.7
1946—1950 .....	2161.4	432.3
1951—1955 .....	4898.4	979.7
1956—1959 .....	11047.0	2209.4
1960—1961 .....	14139.0	7069.5

Samtals 32640.6

Af framansögðu má ljóst vera, að Iðnlánasjóður hefur lengst af haft yfir takmörkuðu fjármagni að ráða. Ber brýna nauðsyn til þess að bæta úr því, þar sem iðnaðurinn er, ásamt landbúnaði og sjávarútvegi, einn af höfuðatvinnuvegum okkar Íslendinga. Þýðing iðnaðarins hefur byggzt á því, að hann hefur séð stöðugt fleiri landsmönnum fyrir atvinnu og þannig stuðlað að atvinnuöryggi, innt af hendi nauðsynleg þjónustustörf í nútíma þjóðfélagi og stóraukið verðmætasköpun landsmanna.

Félagssamtök iðnaðarins hafa oft óskað eftir því, að Iðnlánasjóður yrði efldur. Haustið 1959 skipaði iðnaðarmálaráðherra, að beiðni þeirra, nefnd til þess að athuga lánamál iðnaðarins, og í byrjun ársins 1960 var nefndinni falið að gera tillögur um eflingu Iðnlánasjóðs. Við endurskoðun iðnlánasjóðslaganna nú, komu tillögur og athugasemdir áðurnefndrar nefndar að góðum notum.

Í sambandi við endurskoðun laganna ræddi nefndin við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra, Guðmund Ólafs bankastjóra Iðnaðarbankans, stjórn Iðnlánasjóðs, stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags ísl. iðnrekenda. Stjórnir iðnaðarsamtakanna lýstu sig samþykkar tekjuöflunarleið þeirri, sem lagt er til í frumvarpinu að farin sé, með álagningu 0.4% gjalds á iðnaðinn í landinu, sem lagt er á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, III. kafla.

Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir helztu nýjungum og breytingum, sem frumvarpið felur í sér:

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að Iðnlánasjóður sé sjálfstæð stofnun undir yfirumsjón iðnaðarmálaráðherra. Skulu hinir 3 stjórnarmenn skipaðir til fjögurra ára í stað þriggja áður. Gert er ráð fyrir nýjum tekjustofni fyrir Iðnlánasjóð, 0.4% gjaldi, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn

og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Sett eru fyllri ákvæði um lántökuheimild sjóðsins og endlán. Þá er starfssvið sjóðsins aukið í frumvarpinu og honum heimilað að lána til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnfyrirtækja auk véla-kaupa. Upphæð lána er ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs. Ýtarleg ákvæði eru sett um það, gegn hvaða tryggingum lán skuli veitt úr sjóðnum.

Kveðið er á um það, að lánin skuli endurgreiða með jöfnum árgreiðslum (annuitetsgreiðslum), og fyllri ákvæði eru sett um ákvörðun vaxtafótar af lánnum sjóðsins. Við eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er sjóðsstjórninni veitt heimild til að heimta lánið endurgreitt að fullu eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Veigamesta breytingin á gildandi lögum um Iðnlánasjóð kemur fram í þessari grein, þar sem sagt er, að tilgangur sjóðsins sé að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánnum.

4. gr. gildandi laga fjallar um lánveitingar úr sjóðnum. Þar segir, að lán „veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði.“ Samkvæmt þessu hafa lánveitendur úr sjóðnum því nær eingöngu verið bundnar við vélar og stærri áhöld. Iðnaðurinn hefur því ekki haft aðgang að lánsstofnun, sem teldi það sérstakt verkefni sitt að veita m. a. lán til iðnaðarhúsa.

Með 1. gr. frv. er lagt til að breyta nú Iðnlánasjóði í það horf, að hann geti með sama hætti orðið stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn í landinu og Fiskveiðisjóður er nú fyrir sjávarútveginn og Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir landbúnaðinn. Við samningu frv. þessa hefur í mörgum atriðum verið stuðzt við löggjöfina um fyrrnefnda sjóði, þar sem hún hefur átt við.

8. gr. frv. fjallar um lánveitingar úr sjóðnum, og vísast til athugasemda um þá grein.

Rétt var talið að fella niður orðið „iðja“, sem nú er í lögnum, þar sem ekki væri ástæða til þess að gera greinarmun á iðju og iðnaði.

#### Um 2. gr.

Iðnlánasjóður hefur jafnan verið rekinn sem sjálfstæð stofnun, þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í gildandi lögum. Sjálfsagt er, að sjóðurinn heyri undir iðnaðarmálaráðherra, eins og Fiskveiðisjóður heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra og Stofnlánadeild landbúnaðarins undir landbúnaðarráðherra.

#### Um 3. gr.

Í 3. gr. laganna um Iðnlánasjóð er mælt svo fyrir, að atvinnumálaráðherra hafi á hendi yfirstjórn sjóðsins, en skuli fela Útvegsbanka Íslands eða annarri hliðstæðri stofnun með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skulu veitt eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, en auk þess skal fylgt þeirri reglu, að um allar lánbeiðnir úr sjóðnum sé leitað umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags isl. iðnrekenda.

Í framkvæmdinni mun raunin hafa orðið sú, að nefndin, sem ráðherra skipaði, réð lánveitingum, án afskipta stjórnar Landssambands iðnaðarmanna.

Í frv. er nú gert ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins verði í höndum þriggja manna nefndar, sem skipuð sé með sama hætti og verið hefur, en til fjögurra ára í senn í stað þriggja ára. Ráðherra skipi einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðs-stjórnar.

Þá eru það og nýmæli, að eftir hver áramót gefi ráðherra stjórninni ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu og láti fylgja henni endurskoðaðan ársreikning. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 4. gr.

Í lögnum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 frá 1951, segir svo í 11. gr.:

„Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h.f. um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.“

Þótt þarna sé svo komið að orði, „að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands,“ hefur stjórn Iðnlánasjóðs sjálf haldið áfram að ráða lánveitingum úr sjóðnum, en haft samráð við bankastjóra Iðnaðarbankans í því sambandi.

Í frv. er gengið út frá því, að stjórn sjóðsins ákveði lánveitingar, lántökur og fleira, en Iðnaðarbankinn annist, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur hans. Er þannig fylgt því fyrirkomulagi, sem haft hefur verið varðandi stjórn og starfrækslu sjóðsins.

Um 5. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar, sem er nýmæli, eru Iðnlánasjóði tryggðar árlegar tekjur.

Lagt er til, að Iðnlánasjóður fái 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu, og skal lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt, samkv. III. kafla laga nr. 69 frá 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú, en þær atvinnugreinar hafa nú aðgang að lánnum úr stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sbr. athugasemdir við 4. mgr. 8. gr. frv. þessa.

Með hliðsjón af því, að frv. gerir ráð fyrir nýjum verkefnum fyrir Iðnlánasjóð, sem krefjast stórauðnaðar fjárráða, þótti óhjákvæmilegt að tryggja sjóðnum árlegar tekjur umfram ríkisframlagið og vexti af stofnfé. Eftir að leitað hafði verið álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda, var ákveðið að leggja til, að lagt yrði gjald á iðnaðinn sjálfan, sem miðaðist við aðstöðugjaldsstofn hvers greiðanda.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra var aðstöðugjaldsstofn iðnaðar árið 1962 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri sem hér segir:

	Félög	Einstaklingar
Reykjavík . . . . .	kr. 1 107 454 800.00	265 071 000.00
Hafnarfjörður . . . —	61 683 100.00	18 558 700.00
Akureyri . . . . .	— 226 520 000.00	10 946 000.00
	<hr/>	<hr/>
Samtals kr. 1 395 657 900.00		294 575 700.00

Félög og einstaklingar samtals kr. 1 690 233 600.00

Í þessum stofni er ekki reiknaður með kjöt- og fiskiðnaður, mjólkurbú, sláturhús og ull að stigi ullarþvottar.

Ríkisskattstjóri hefur bent á, að upphæðirnar gætu átt eftir að breytast í sambandi við kærur, þar sem um upphaflega álagningu væri að ræða.

Upplýsingar um aðstöðugjald utan nefndra kaupstaða liggja enn ekki fyrir. Það er því erfitt að áætla, hvað 0.4% gjaldið kunni að gefa Iðnlánasjóði á næsta ári, en ósennilegt er, að það verði undir 7 milljónum króna.

Benda má á, að stofnlán sjóðir landbúnaðar og sjávarútvegs hafa nú árlegar tekjur frá viðkomandi atvinnuvegum, sbr. lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð Íslands.

Rétt er að taka fram, að stjórnir Landssambands iðnaðarmanna og Félags isl. iðnrekenda hafa báðar fyrir sitt leyti samþykkt þá tekjuöflun fyrir Iðnlánasjóð, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Gengið er út frá óbreyttu framlagi ríkisins, kr. 2 000 000.00 á ári, sem hefur verið óbreytt á fjárlögum síðan 1960.

#### Um 6. gr.

Þar sem víst má telja, að Iðnlánasjóð muni skorta fé á næstu árum til þess að geta veitt nauðsynleg lán, þykir rétt að taka í lög heimild til lántöku.

Erlent fé, sem sjóðurinn kann að taka, má ekki lána út, nema með gengisákvæði. Þegar þannig stendur á, heimilar greinin endurlán með tvenns konar hætti:

1. Þegar um er að ræða erlendar lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins, er heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.
2. Þegar sjóðurinn tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinn framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamisun og kostnaði til sjóðsins, enda er ekki eðlilegt, þegar svo stendur á, að dreifa gengisáhættu á aðra lántakendur.

Talið er rétt að binda lántökuheimildina við ákveðna upphæð í stað þess, að sjóðurinn megi jafnan skulda samtals allt að þreföldum höfuðstól þeim, er hann hefur á hverjum tíma, sem gildandi lög kveða nú á um í 2. gr. Er það í samræmi við löggjöfina um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð, að hafa lántökuheimildina ákveðna.

#### Um 7. gr.

Í gildandi lögum segir svo í 2. gr., að lán, sem sjóðurinn kann að taka, skuli tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

Í þessari grein er tekið upp sama orðalag og er í lögnum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum viðkomandi stofnunar.

#### Um 8. gr.

Eins og fram hefur verið tekið, hefur Iðnlánasjóður til þessa nær eingöngu lánað til véla og stærri áhalda, sbr. 4. gr. gildandi laga.

Með grein þessari er gerð sú breyting á hlutverki sjóðsins, sem leiðir af ákvæðum 1. gr. frv., að úr honum má veita lán til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja. Þá er og heimilt samkv. 2. mgr. greinarinnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa, ef sérstakar ástæður mæli með, að mati sjóðsstjórnar. Kæmi það t. d. til greina, þegar um hentugt og vel staðsett húsnæði væri að ræða, sem komið gæti að jafngóðum notum og nýbygging fyrir viðkomandi lánbeiðanda.

Með greininni er afnumin heimildin í 4. gr. gildandi laga, til þess að veita úr sjóðnum rekstrarlán.

Í 4. mgr. greinarinnar er tekið fram, að þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum samkv. 5. gr. frv., skuli að öðru jöfnu hafa forgang að lánnum úr sjóðnum.



Samkvæmt 5. gr. frv. er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú undanþegin þessu gjaldi. Þessar atvinnugreinar hafa rétt til stofnlána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, lög nr. 75 frá 1962, 6. gr., og úr Fiskveiðasjóði, lög nr. 40 frá 1955, 4. gr.

#### Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að lánsupphæð megi nema allt að 60% kostnaðarverðs, enda sé það að dómi sjóðsstjórnar ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma. Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku, eftir því sem þörf krefur. Nánari ákvæði um þetta atriði má setja með reglugerð.

Í núgildandi lögum er ekkert tekið fram um hámark lánsupphæðar, miðað við verðmæti þess, sem lánað er til. Tekið er einungis fram í 7. gr. laganna, að upphæð láns ákveðist eftir því, til hvers það eiga að notast.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er efnislega svipað 10. gr. laganna.

#### Um 10. gr.

Greinin fjallar um tryggingar fyrir lánnum.

Eðlilegt er, að sjóðsstjórnin krefjist í flestum tilfellum I. veðréttar í fasteignum, sem lánað er til, þótt það sé eigi gert að skyldu í frumvarpsgreininni.

Lagt er á vald sjóðsstjórnar að krefjast frekari trygginga fyrir lánnum en taldar eru upp í greininni. Kæmi það helzt til að eiga við um lán til vélakaupa.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli, sem m. a. leiðir af 3. mgr. 9. gr. frv.

4. mgr. felur og í sér nýmæli, sem teljast má sjálfsagt.

5. mgr. kemur efnislega í stað 13. gr. gildandi laga.

#### Um 11. gr.

Efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

#### Um 12. gr.

Hámarkslánstími er ákveðinn 15 ár, eins og er í gildandi lögum. Það er nýmæli, að lán til vélakaupa skuli ekki vera til lengri tíma en 7 ára.

Yfirleitt mun sjóðsstjórnin ekki hafa veitt lengri lán til vélakaupa en til 5 ára, nema lánþegi hafi sett að auki fasteign að veði fyrir láninu, þá til allt að 10 ára.

Í 7. gr. laganna um Iðnlánasjóð er heimilað að veita lán afborgunarlaust tvö fyrstu árin. Með frv. er lagt til að fella þessa heimild niður og ákveðið, að lán skuli endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum.

#### Um 13. gr.

Samkv. 9. gr. gildandi laga ákveður atvinnumálaráðherra (iðnaðarmálaráðherra) vaxtafót lánanna.

Með greininni er lagt til, að sjóðsstjórnin sjálf ákveði vexti af lánnum Iðnlánasjóðs, að fengnu álitu bankastjórnar Seðlabankans og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

#### Um 14. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 6. gr. gildandi laga, nema felld er niður krafa um, að umsækjandi sendi upplýsingar um aldur, menntun, iðnréttindi og iðnstarfsaldur.

Bætt er við, að umsækjandi sendi upplýsingar um tryggingar, sem hann getur veitt fyrir láni.

Um 15. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli.  
Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli.  
Samhljóða ákvæði eru í lögnum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að iðnaðarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, sem kveði nánar á um starfsemi sjóðsins og starfshætti.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.